

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 15. júní 2022

Mál nr. S-594/2020:

Ákærvaldið

(*Agnes Björk Blöndal saksóknarfulltrúi*)

gegn

X

(*Andrés Már Magnússon lögmaður*)

Dómur

- 1 Mál þetta, sem var dómtekið 10. maí sl., var höfðað með tveimur ákærum lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, á hendur X, kt. [...], [...], [...].
- 2 Sú fyrri er dagsett 12. október 2020 „fyrir líkamsárás, með því að hafa laugardagskvöldið 7. febrúar 2020, í [...] á [...], slegið Y, kt. [...] í andlitið þannig að hún féll í gólfið og síðan sparkað í líkama hennar þar sem hún lá á gólfinu, með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og yfirborðsáverka á andlit, mar á brjóstkassa, mar á olnboga og framhandlegg, mar á hendi og fingrum, mar og yfirborðsáverka á hné og fótlegg og mar á læri.
Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.
Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.“
Ákærvaldið leiðrétti ákæru á þann veg að um föstudagskvöld hafi verið að ræða.
- 3 Síðari ákæran er dagsett 10. maí 2021, „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 15. október 2020, ekið bifreiðinni [...] norður Krossanesbraut á Akureyri þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans við Hlíðarbraut, með óskráð tengitæki í eftirdragi, en á bifreiðinni voru tvö stór fiskikör og tvö minni á tengitækinu, en körin voru full af hrati (maski). Körin voru óbundin við vagninn og bílinn og heildarþungi bifreiðarinnar var 629 kg. (12,1%) yfir skráningu hennar og heildarþungi tengitækisins reyndist vera 1.550 kg., 106,7% yfir leyfðri þyngd, heildarþungi vagnlestarinnar reyndist vera 7.350 kg., 7,3% yfir leyfðri þyngd, auk þess sem vagninn var ljóslaus og bremsulaus.
Telst þetta varða við 2. mgr. 69. gr., 1. mgr. sbr. 4. mgr. 80. gr., 5. mgr. 82. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. einnig 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008 um hleðslu, frágang og merkingu á farmi og 10. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja.
Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“
- 4 Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda síns.

Ákæra dagsett 12. október 2020

Málsatvik

- 5 Samkvæmt skýrslu lögreglu barst lögreglu ósk um aðstoð að [...] á [...], klukkan 20:39 þann 7. febrúar 2020, því eitthvað mikið gengi á. Segir að tilkynningin hafi að öðru leyti verið óljós. Lögregla hafi farið á vettvang og vitnið A opnað fyrir þeim. Hann hafi tjáð þeim að þetta væri að mestu um garð gengið. Innan við dyrnar hafi verið kona, blóðug um munn. Lögregla hafi farið inn og hitt þar fyrir brotþola og annan mann. Bæði hafi verið í uppnámi. Lögreglumenn hafi rætt við þau þrjú hvert í sínu lagi og þau hafi öll lýst því að ákærði hafi slegið brotþola og í kjölfarið sparkað í hana þar sem hún lá á gólfinu. Brotþoli hafi farið til skoðunar á heilsugæslu og afráðið að tveir lögreglumenn færu að ræða við ákærða og kærustu hans.
- 6 Þá kemur fram í gögnum málsins að þann 28. apríl 2020 hafi ákærði komið á lögreglustöð og kært brotþola fyrir líkamsárás. Þá kröfu áréttaði hann við lögreglu 7. maí 2020 og bætti við kæru á hendur henni fyrir rangar sakargiftir. Ekki liggja fyrir gögn um afdrif þess máls.
- 7 Í vottorði B læknis, dags. 25. mars 2020, segir að við skoðun að kvöldi 7. febrúar 2020 hafi brotþoli lýst því að maður sem hún bauð í mat hafi ráðist á hana á heimili hennar. Hann hafi snúið hana niður á hægri hendi, kastað henni í vegg og stappað á henni eftir það. Henni hafi verið sýnilega brugðið og í geðshræringu. Þá strax hafi verið sýnileg bólga og eymsl aftan við hægri eyra, mar og þroti eftir löðrung við hægri munnvik, mar og bólga og töluvert „hematom“ að myndast undir húð á hægri framhandlegg, eymsl á olnboga, mar og bólga við rót þumals, og mar og bólga og töluvert „hematom“ að myndast undir húð utanvert á vinstra læri. Hún hafi skoðað brotþola að nýju 8. febrúar og tekið myndir af áverkum. Þá hafi hún enn skoðað brotþola 10. febrúar 2020. Þá hafi verið komið dökkt mar innanvert á hægri nára sem náði niður á vulvasvæði. Einnig hafi sést hvernig mar utanvert á vinstra læri og framanvert á hægri læri hafi stækkað og dökknad til muna. Þá kemur fram að brotþola hafi liðið illa eftir árásina. Hún sofi illa, sé mjög kvíðin og óttist um öryggi sitt. Þá hræðist hún árásarmanninn sem berji hús hennar að utan.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

- 8 Ákærði kvað A [...] sinn og brotþola, eiginkonu hans, hafa boðið honum og D, kærustu hans, í mat. Þar hafi einnig verið staddur maður að nafni E. Eftir matinn hafi brotþoli viljað að þau, eða að minnsta kosti D, myndu gista. Þær brotþoli og D hafi rætt einhver mál með aðstoð Google Translate. Ákærði hafi viljað að þær notuðu íslensku svo hann myndi skilja um hvað þær væru að tala. Brotþoli hafi þá reiðst og byrjað að sparka í hann og kýla. Hann hafi tekið um úlnliði hennar til að stöðva hana, lagt hana í gólfið og haldið henni þar. Hún hafi legið á bakinu og hann haldið um úlnliði hennar og lagt hné á fót hennar. A hafi beðið hann að hætta og hann sleppt brotþola. Brotþoli hafi þá náð í síma og ætlað að henda í hann, en síminn farið í vegginn. Hún hafi þá náð í litla rauðvínsflösku inn í eldhús og ógnað honum með henni. D hafi náð að stoppa brotþola og taka flöskuna af henni. Þá hafi brotþoli farið inn í eldhús og náð í aðra eins flösku.

Hann hafi þá flýtt sér fram í forstofu og lokað. A hafi sagt þeim að fara, sem þau hafi gert. Brotapoli hafi svo hringt í lögreglu.

- 9 Aðspurður hvort hann hafi fengið áverka eftir brotþola svaraði ákærði því til að hann hafi ekki farið til læknis. Hann kvað mögulegt að brotþoli hafi fengið áverka á úlnliði eftir tak hans. Hún hafi einnig getað hafa veitt sér áverka sjálf, D hafi t.d. sagt honum að brotþoli hafi bitið sjálfa sig í vörina þegar þetta var að gerast. Hún hafi verið drukkin og látið eins og óargadýr. Þá kvað ákærði D hafa sagt sér eftir á að brotþoli hafi á einhverjum tímapunkti sótt hníf. Ákærði kvaðst hvorki hafa slegið brotþola né sparkað í hana. Aðspurður kvað ákærði þau brotþola áður hafa verið par.
- 10 Brotþoli, Y, kvaðst hafa boðið [...] sínum og kærustu hans, D, í mat. Þau hafi talað íslensku en D hafi notað þýðingaforrit í síma sínum, þannig að hún hafi talað við símann sem hafi þá þýtt yfir á tungumál brotþola. Brotþoli hafi stungið upp á að þau myndu gista. Ákærði hafi ekki viljað það og hún þá stungið upp á að ákærði færi heim en D myndi gista, enda hafi D viljað vera. Brotþoli hafi búið um D og komið svo fram til að kveðja ákærða. Hann hafi verið ósáttur við að D myndi gista. Ákærði hafi slegið brotþola með flötum lófa og hún hafi þá dottið. Hann hafi svo stappað á henni þar sem hún lá á gólfinu, á kvið hennar og kynfærasvæði. Hann hafi verið kominn í skó. A, eiginmaður hennar, hafi komið og reynt að stöðva ákærða. A hafi svo faðmað hana og D reynt að koma ákærða í burtu. Þau hafi svo hringt í lögreglu. Aðspurð kvað hún D hafa flúið inn í eldhús þegar þetta gerðist, hún hafi verið mjög hrædd.
- 11 Brotþoli kvað af og frá að hún hafi átt upptökin og ráðist á ákærða. Aðspurð hvort hún hafi ógnað ákærða með rauðvínsflösku neitaði hún því og kvað þau hafa drukkið rauðvín úr kassa þennan dag. Hún kannaðist ekki við að hafa minnst á rauðvínsflösku í samtali við lögreglu þetta kvöld. Hún kvað það eina sem hún hafi gert hafi verið að kasta síma D að ákærða. D hafi haldið í hana og reynt að draga hana frá ákærða, og hún hafi þá gripið símann og hent í átt að ákærða. Þá hafi A verið að reyna að stöðva ákærða. Þetta hafi verið eftir að ákærði réðst á hana en hann hafi virst ætla að ráðast á hana aftur.
- 12 Brotþoli kvaðst hafa farið til læknis á eftir. Hún hafi verið aum yfir kviðinn, á kynfærasvæði og niður á fætur en vera búin að ná sér nú.
- 13 Vitnið D, kærasta ákærða, kvað brotþola hafi boðið henni og ákærða í mat. Vitnið hafi átt erfiðan dag og verið mjög þreytt. Þá hafi brotþoli boðið henni að gista en vitnið hafi ekki viljað það þar sem ákærði yrði ekki ánægður með það. Ákærði og brotþoli hafi farið að rífast um þetta og brotþoli blótað og kallað ákærða homma. Brotþoli hafi síðan náð í hníf úr eldhúsinu. Vitnið hafi haldið að brotþoli ætlaði að drepa ákærða og dregið hana í burtu. Þá hafi brotþoli gripið litla vínflösku og sagt þeim að snerta sig ekki. Ákærði hafi tekið af henni flöskuna, tekið fast um hendur hennar, lagt hana í gólfið og haldið henni þar. Hún kvað ákærða vera hávaxinn en brotþola lágvaxna. Brotþoli hafi lamið ákærða og sparkað, þetta hafi verið hræðilegt. Þegar brotþoli hafi staðið upp hafi henni blætt lítillga. Vitnið kvaðst hafa beðið brotþola að vera rólega en hún hafi tekið síma vitnisins og kastað að ákærða. Ákærði hafi reiðst og nálgast brotþola og þau rifist. Vitnið kvað þau A hafa reynt að róa brotþola.

- 14 Vitnið kvaðst hafa séð brotþola bíta sig í varirnar og það hafi verið ástæða þess að henni blæddi. Hún kvað ákærða hvorki hafa slegið brotþola, sparkað í hana né stappað á henni. Vitnið hafi verið viðstödd allan tímann og séð það sem gerðist, og A einnig. Vitnið kvaðst ekki hafa skilið hvernig á þessu stóð en hún hafi síðar komist að því að ákærði og brotþoli hafi áður verið par. Þau rífast alltaf mikið þegar þau hittist. Aðspurð um hvers vegna hún hafi ekkert minnst á hníf við yfirheyrslu lögreglu kvað vitnið lögreglumanninn hafa gefið henni lítinn tíma og hún hafi því sjálfsagt gleymt því. Aðspurt kvaðst vitnið minna að ákærði hafi tekið hnífinn af brotþola, hann hljóti að minnsta kosti að hafa séð hann, en ekki sé víst að A hafi orðið vitni að því.
- 15 Vitnið A, [...] ákærða og eiginmaður brotþola, kaus að tjá sig ekki fyrir dómi en féllst þó á að undir hann væri borin lýsing hans á atvikum á vettvangi, höfð eftir honum í lögregluskýrslu. Hann kvað ekki rétt eftir sér haft að ákærði hafi slegið brotþola í gólfið. Hann kvaðst hafa ætlað að taka ákærða frá brotþola en ákærði hafi ýtt vitninu út í horn. Hann kvaðst ekki hafa séð ákærða sparka í brotþola en hann hafi stappað á henni þar sem hún lá.
- 16 Vitnið B læknir staðfesti vottorð sitt og kvaðst hafa skoðað brotþola sérstaklega með tilliti til þess hvort áverkar samrýmdust þeirri sögu sem hún gaf. Brotþoli hafi skýrt frá því að gestkomandi maður hafi snúið hana niður á hægri hendi, kastað henni í vegg og stappað á henni eftir það. Brotþola hafi verið sýnilega brugðið og í mikilli geðshræringu en vitnið hafi metið sögu hennar trúverðuga. Vitnið kvað mar og þrota í andliti geta samræmst því að brotþoli hafi fengið löðrung. Hana rámi í að brotþoli hafi sýnt sér hvernig höggið hafi verið og hún hafi skilið það sem svo að það hafi verið veitt með flötum lófa. Áverkar á læri geti samræmst því að sparkað hafi verið í hana. Áverkar á úlnlið samræmist því að þar hafi verið haldið fast. Hún kvað áverka við munnvik hins vegar ekki samræmast því að brotþoli hafi valdið honum sjálf með því að bíta sig í vörina, ekki hafi verið áverkar innanvert.
- 17 Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa verið á eftirlitsferð þegar útkall hafi borist vegna heimilisofbeldis á [...]. Afráðið hafi verið að þau færu þangað. A hafi komið til dyra og sagt að þetta væri um garð gengið en hann hafi verið í nokkru uppnámi. Lögregla hafi fengið að koma inn og hitt þar brotþola og E, sem lögregla þekki nokkuð til. E hafi verið logandi hræddur. Vitnið hafi rætt við A sem hafi lýst því að hafa verið inni í herbergi þegar hann hafi heyrt hávaða. Hann hafi þá komið fram og séð ákærða kýla brotþola. Þá hafi hann einnig sparkað í hana. Vitnið hafi heyrt E margendurtaka að hann hafi aldrei séð ákærða svo brjáláðan. Annar lögreglumaður hafi rætt við E, sem hafi lýst atvikum á sama veg og A. Blætt hafi úr munnvi brotþola og hún hafi verið með tvær stórar upphleyptar kúlur á upphandlegg og læri. Vitnið hafi aðstoðað við að ræða við hana og hún hafi gefið sömu sögu og þeir A og E. Hún hafi komið brotþola til læknis og skilið við þau þar. Aðspurt kvað vitnið fólkið ekki hafa verið sýnilega ölvað en minna að þar hafi verið rauðvínsflaska.

Niðurstæða

- 18 Ákærða er gefin að sök líkamsárás með því að hafa laugardagskvöldið 7. febrúar 2020, á heimili brotaþola, slegið hana í andlitið þannig að hún féll í gólfið og síðan sparkað í líkama hennar þar sem hún lá á gólfinu, með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og yfirborðsáverka á andlit, mar á brjóstakassa, mar á olnboga og framhandlegg, mar á hendi og fingrum, mar og yfirborðsáverka á hné og fótlegg og mar á læri. Hann neitar sök.
- 19 Ákærða og vitnum ber saman um að ákærði og brotaþoli hafi rifist. Það hafi, að minnsta kosti að einhverju leyti, snúist um ágreining um hvort vitnið D, kærasta ákærða, myndi gista heima hjá brotaþola. Framburður um aðdragandann er þó fremur ruglingslegur enda má telja líklegt að eitthvað hafi skolest til í samskiptum þeirra á milli þar sem samtöl fóru fram á þremur eða fjórum tungumálum, og með aðstoð Google Translate.
- 20 Ákærði hefur lýst því að brotaþoli hafi ráðist á hann og hann hafi þess vegna tekið um úlnliði hennar, lagt hana í gólfið, haldið henni og sett hné á fót hennar. Hjá lögreglu kvaðst hann hafa óttast um líf sitt og nefndi að hann hefði verið hræddur um að hún myndi sækja hníf. Fyrir dómi kvað hann geta verið að brotaþoli hafi fengið mar um úlnliði af sínum völdum en hann viti ekki hvernig aðrir áverkar voru til komnir. Hún gæti hafa veitt sér þá sjálf. Ákærði kvaðst ekki hafa séð brotaþola með hníf en kvað vitnið D hafa sagt honum frá því að hún hafi sótt hníf.
- 21 Vitnið D kvað ákærða og brotaþola hafa rifist og brotaþoli hafi svo náð í hníf. Lýsti hún því að hana minnti að ákærði hafi tekið af henni hnífinn. Hann hljóti að minnsta kosti að hafa séð hana með hann. Vitnið nefndi ekki hníf við yfirheyrslu lögreglu.
- 22 Vitnið A, [...] ákærða og eiginmaður brotaþola, vildi lítið tjá sig fyrir dómi en kannaðist þó við að ákærði hafi stappað á eða kringum brotaþola þegar hún lá á gólfinu. Á vettvangi tók hann undir það að hafa séð ákærða slá brotaþola.
- 23 Vitnið B læknir, staðfesti vottorð sitt. Hún skoðaði brotaþola strax um kvöldið skömmu eftir atvik og kvaðst við skoðun hafa hugað sérstaklega að því hvort áverkar brotaþola samræmdust lýsingu hennar af atvikum, og hún teldi svo vera. Hún kvað áverka í andliti brotaþola ekki samræmast því að hún hafi valdið þeim með því að bíta sjálfa sig í vör.
- 24 Brotaþoli hefur lýst því frá upphafi að ákærði hafi slegið hana, hún hafi dottið í gólfið og ákærði síðan sparkað eða stappað á henni. Fyrir dómi sýndi hún með látbragði hvað hún ætti við og ljóst að um stapp væri að ræða. Þá lýsti hún einnig með látbragði hvernig ákærði hefði slegið hana með flötum lófa, og bar vitnið B læknir að hún hefði einnig gert það í skoðun hjá henni um kvöldið. Brotaþola þótti augljóslega fráleitur sá framburður ákærða að hún hefði ráðist á hann. Hjá lögreglu kannaðist hún við að hafa sótt rauðvínsflösku eftir að atлага ákærða var yfirstaðin og hafa langað til að lemja hann en ekki gert það. Fyrir dómi kannaðist hún ekki við að hafa gripið til rauðvínsflösku. Rúm tvö ár eru frá atvikum og að mati dómsins er ákærða trúverðug í lýsingu sinni af því að ákærði hafi slegið hana og stappað á henni, þrátt fyrir misræmi í framburði hennar hvað rauðvínsflöskuna varðar. Þá fær lýsing hennar að þessu leyti góða stoð í læknisvottorði. Á hinn bóginn telur dómurinn framburð ákærða og vitnisins D um árás brotaþola á ákærða ekki trúverðuga, meðal annars vegna misræmis í framburði um að brotaþoli hafi gripið til hnífs.

25 Með vísan til alls framangreinds, og ekki síst læknisvottorðs um skoðun strax eftir atvikin, þykir sannað að ákærði hafi slegið brotþola og stappað á líkama hennar þar sem hún lá á gólfinu. Í ákæru er notað orðalagið að ákærði hafi sparkað í brotþola. Ætla má að það skýrist af ónákvæmni í þýðingu. Þykir mega sakfella ákærða þrátt fyrir þessa ónákvæmni, enda var vörn ákærða ekki áfátt vegna þessa, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákæru og varðar hún við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra dagsett 10. maí 2021

26 Í þessari ákæru er ákærða gefið að sök umferðarlagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 15. október 2020, ekið bifreiðinni [...] norður Krossanesbraut á Akureyri þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans við Hlíðarbraut, með óskráð tengitæki í eftirdragi, en á bifreiðinni voru tvö stór fiskikör og tvö minni á tengitækinu, en körin voru full af hrati (maski). Körin voru óbundin við vagninn og bílinn og heildarþungi bifreiðarinnar var 629 kg. (12,1%) yfir skráningu hennar og heildarþungi tengitækisins reyndist vera 1.550 kg., 106,7% yfir leyfðri þyngd, heildarþungi vagnlestarinnar reyndist vera 7.350 kg., 7,3% yfir leyfðri þyngd, auk þess sem vagninn var ljóslaus og bremsulaus.

27 Ákærði andmælir ekki lýsingu á atvikum og frágangi en byggir á því að körin hafi verið nægilega fest, bæði á palli og kerru.

28 Í 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að farm ökutækis skuli skorða tryggilega og festa við ökutækið. Í 4. mgr. er heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um hleðslu og frágang farms.

29 Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 671/2008 um hleðslu, frágang og merkingu farms er áréttað að farm ökutækis skuli skorða tryggilega og festa við ökutækið. Þannig skuli gengið frá að farmurinn byrgi ekki útsýni ökumannsins eða hætta sé á að hann hreyfist til eða falli af ökutækinu og valdi tjóni, hvort sem er í kyrrstöðu eða akstri. Þá segir í 2. mgr. að farmrými sem afmörkuð séu með skjólbordum, göflum, hurðum eða grindum skuli vera tryggilega lokuð meðan á flutningi standi.

30 Fyrir liggja myndir af frágangi ákærða í umrætt sinn. Er það mat dómsins að sá frágangur fullnægi ekki framangreindum skilyrðum. Ákærði hefur ekki andmælt sakargiftum samkvæmt þessari ákæru öðru leyti. Verður hann því sakfelldur fyrir það brot sem þar er lýst og varðar það við þar tilgreind ákvæði.

Ákvörðun viðurlaga og sakarkostnaður

31 Ákærði er nú sakfelldur fyrir líkamsárás og umferðarlagabrot. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur hann ekki gerst sekur um brot sem hefur áhrif á ákvörðun refsingar. Verður litið til þess að meðferð málsins fyrir dómi hefur dregist mjög án þess að ákærða verði um það kennt. Er refsing hans ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið, eins og nánar greinir í dómsorði. Þá greiði ákærði 320.000 krónur í sekt til ríkissjóðs en komi 22 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dómsins að telja.

32 Að kröfu ákærvalds og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, eins og þau ákveðast í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn. Fyrir uppsögu var gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga. Fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 320.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 22 daga.

Ákærði greiði 1.020.000 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda hans, Andrésar Más Magnússonar lögmanns, 1.000.000 krónur.